



Sólvallagötu 6a 230 Keflavík
Sími: 420 1450 Fax: 420 1459
Netfang: mylla@myllubakkaskoli.is

FRÉTTABRÉF

2. tbl.

27. árgangur

maí 2011

Í þessari Myllu

Verðlaunasaga
The Quiet Lake
Íþróttadagur
Reiðhjólaihjálmar í 1. bekk
Sumarlestur
Foreldrafélagið
Pennavinir
Grafiklistaverk
Lestraráttak á yngsta stigi
Tíundu bekkingar í sumarskapi
Vorferðir
Bekkjarmyndir
Skólaslit

Verðlaunasaga

Í apríl hlaut Margrét Dagmar Loftsdóttir, 9. FK, 1. verðlaun fyrir hugljúfa enska smásögu sem hún kallar A Quiet Lake. Hildur, enskukennari á unglingastigi, sendi sögur nemenda í smásögukeppni sem FEKÍ, Félag enskukennara á Íslandi, ásamt sendiráðum Kanada og Indlands héldu í haust. Nemendur áttu að skrifa smásögu á ensku sem á einhvern hátt fjallaði um Kanada eða Indland. Sendiherra Kanada Alan Bones og Jón Ingi Hannesson formaður FEKÍ komu í skólann og afhentu Margréti verðlaunin á sal. Einnig færði Jón skólanum stóra ensk - enska orðabók frá FEKÍ.



A Quiet Lake

For a moment all was peaceful. It was as if time stood still. And yet, far above the quiet lake soared an eagle, circling the water endlessly without rest.

But then suddenly out of the water a shimmering silver salmon leaped up carrying behind it a trail of drops reflecting the strong sunlight. Only a moment after it first made its brave leap into the upper world the eagle rushed down, readying its sharp claws.

Suddenly, for that one moment it seemed like lake Ainslie was filled with life. The eagle's strong wings lifted it up as it headed for its nest, where its fledglings were waiting for their meal.

After the eagle's departure only a minute passed before the fair Canadian lake had returned to its previous lifeless state.

Íþróttadagur

Íþróttadagur Myllubakkaskóla verður föstudaginn 20. maí. Nemendur mæta í heimastofur kl. 8:10 þar sem tekið verður manntal og farið yfir hvað er í boði. Um kl. 8:30 verður gengið af stað í skríðgöngu að Reykjaneshöllinni. Þar verður hægt að taka þátt í ýmsum þrautum og leikjum eins og húllakeppni, boccia, frisbee, hreystigreið og mörgu öðru. Einnig fer hver árgangur í sprell í Akademiuna. Klukkan 11:00 lýkur svo dagskránni hjá 1. - 7. bekk og fara þau aftur í Myllubakkaskóla þar sem allir nemendur fá pylsur. Eftir mat verður svo æsispennandi kappleikir milli bekkja. Skóla lýkur kl. 13:10.

Unglingastigið verður í Reykjaneshöllinni til kl. 12:00 og fer þá í Myllubakkaskóla og fær pylsur.

Reiðhjólahjálmar í 1. bekk

Í byrjun maí fengu nemendur í 1. bekk reiðhjólahjálma sem gefnir voru af Kiwanishreyfingunni og Eimskip. Krissi lögga kom í heimsókn og sýndi nemendum hvernig nota á hjálmana á réttan hátt. Þetta var frábært framtak og þökkum við kærlega fyrir það.



Sumarlestur

Myllubakkaskóli og Bókasafn Reykjanesbæjar verða í samstarfi um sumarlestur. Í skólalok fá nemendur skráningarkort þar sem þeir skrá allar þær bækur sem þeir lesa yfir sumarið. Skráningarkortið gildir bæði fyrir skólann og á Bókasafni Reykjanesbæjar. Kortinu er síðan skilað inn til umsjónarkennara í skólabyrjun næsta haust og veitir skólinn viðurkenningu til þeirra nemenda sem tekið hafa þátt í sumarlestrinum.

Foreldrafélagið



Á heimasíðu skólans, vinstra megin fyrir neðan myndasafnið eru tveir tenglar. Annar er FFGIR þar sem hægt er að lesa um starfsemina. Þar fyrir neðan er tengill sem heitir FFM. Þar eru eftirtaldir undirflokkar: a) bekkjarfulltrúar, þar sést hverjir eru bekkjarfulltrúar og netföng þeirra. b) fundagerðir, þar eru fundagerðir stjórnar. c) gaman – saman, hugmyndir að samverustundum foreldra og barna. d) handbók, leiðbeiningar í starfi foreldrafélags, e) lög FFM. f) stjórn, en þar eru nöfn stjórnarmanna og hvernig hægt er að hafa samband við þá.

Foreldrar, nýtum þessar upplýsingar og stöndum saman. Aðalfundur FFM var haldinn 4. maí og þakkar núverandi stjórn fyrir veturinn og óskar öllum gleðilegs sumars.

Stjórn FFM

Pennavinir

Nemendur í 5.ME hafa eignast pennavinir frá Írlandi. Nemendur eru að æfa sig að skrifa á ensku og skrifa því bréfin á þeirra tungumáli. Allir eru mjög áhugasamir og eru enskutímar notaðir til að skrifa bréfin og eru nemendur mjög spenntir að kynna jafnöldrum sínum frá öðru landi og menningu þeirra. Vonandi stuðlar þetta að vináttu sem endist jafnvel alla ævina.



Grafiklistaverk

Á Ljósanótt verður opnuð í Duushúsum samnorræn sýning á grafiklistaverkum sem unnin eru af 13-15 ára nemendum. Nokkrir nemendur úr 7. og 8. bekk Myllubakkaskóla taka þátt í sýningunni ásamt nemendum frá hinum Norðurlöndunum. Á sama tíma verða einnig opnaðar sýningar í heimabæjum þeirra á verkum eftir þessa sömu nemendur. Okkar nemendur hafa verið að vinna verkin með myndmenntakennaranum sínum og á mánudaginn kom Elfa, frá Félagi grafiklistamanna, með grafikpressu til þess að hægt væri að prýkkja myndirnar. Gaman var að fylgjast með krökkunum prýkkja myndirnar sínar og sjá gleðisvipinn á þeim þegar þau sáu útkomuna. Það voru prýkktar um 80 myndir eða 6 af hverju verki og sumar tvíprýkktar.



Lestraráttak á yngsta stigi

Nú stendur yfir lestrarátak á yngsta stiginu. Börnin reyna að safna lestrarminútum en ekki bókum eða blaðsíðum. Markmiðið er að safna 40.000 mínútum. Þegar hér er komið sögu hefur börnunum tekist að safna 30.000 mínútum og ein vika er eftir af þremur. Sá tími sem varið er í lestur skiptir miklu máli. Það mætti líkja þessu við að leggja reglulega inn á sparireikning. Mínúturnar sem börnin lesa eru taldar saman og merktar á veggspjöld á göngunum. Veittar eru viðurkenningar eftir hverja viku þeim börnum sem hafa lesið í meira en 200 mínútur.

Tíundu bekkingar í sumarskapi

„Sumarið er komið og sólin blessuð skín ...“ Ferðahugur er kominn í 10. bekkingana okkar og þeir eru farnir að sjá fyrir endann á grunnskólagöngu sinni. Síðstu dagarnir fara í hin sívinsælu, árlegu vorpróf, íþróttadag, starfskynningu, knattspyrnukeppni við kennarana, vorferð og skólaslit.

Nemendur ætla að bruna úr bænum föstudaginn 27. maí, fleyta sér niður flúðir, klífa kletta, síga í björg, aka út í Ingólfshöfða, sigla á Jökulsárlóninu, ganga að Svartafossi í Skaftafelli, synda, syngja og hoppa og heilsa upp á fuglana. Mánudaginn 30. maí koma þeir aftur í bæinn og vonandi verða sumarsólardagarnir framundan yndislegasti tími þeirra, elstu barnanna okkar.

Vorferðir

Vinsamlegast kikið á óskilamuni áður en þið farið í sumarfrí. Úlpur, íþróttapokar, vettlingar og fleira fylla nú kassa undir óskilamuni.

Mæting í heimastofur kl. 8:10

1. og 2. bekkur

Farið verður í Sólbrekkuskóg, fimmtudaginn 26. maí og er verð 200 kr.

3. og 4. bekkur

Farið verður í Húsdýragarðinn, fimmtudaginn 26. maí og er verð 500 kr.

5. - 6. bekkur

Ferð á Þingvelli og sund á Selfossi.

Farið verður miðvikudaginn 25. maí og er verð 500 kr.

7. bekkur

Farið í heimsókn að Gljúfrasteini og í sund, miðvikudaginn 25. maí. Verð 500 kr.

8. bekkur

Suðurnesjaferð. Hellar verða skoðaðir, kíkt í Sandvík og farið í sund í Sandgerði.

Farið verður mánudaginn 30. maí og er verð 500 kr.

9. bekkur

Ferð til Stokkseyrar og Eyrarbakka. Nemendum gefst kostur á að fara á kajak.

Farið verður fimmtudaginn 26. maí og er verð 800 kr.

Bekkjarmyndir

Undanfarna daga höfum við verið að taka bekkjarmyndir. Nemendur geta keypt mynd og kostar hún 200 kr. Við fengum Oddgeir Karlsson til að taka mynd af 10. bekkingum og kostar sú mynd 1500 kr. Við viljum biðja þá sem ætla að kaupa mynd að greiða fyrir hana í síðasta lagi fimmtudaginn 19. maí.

Skólaslit



Miðvikudaginn 1. júní er starfsdagur kennara.
Fimmtudaginn 2. júní er uppstigningardagur.
Þessa daga eru nemendur í fríi.

Skólaslit Myllubakkaskóla fara fram á sal skólans föstudaginn 3. júní.

Nemendur mæti sem hér segir:

1., 2., 3. og 4. bekkur kl. 9:00

5., 6. og 7. bekkur kl. 10:30

8., 9. og 10. bekkur kl. 12:00

Foreldrar eru hjartanlega velkomnir.